



Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um leiguhúsnaði fyrir hælisleitendur.

Meðfylgjandi er svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina af fundi borgarráðs 24. nóvember sl. um leiguhúsnaði fyrir hælisleitendur:

„Hversu marga leigusamninga hefur Reykjavíkurborg gert gagnert sem notaðar eru fyrir hælisleitendur. Samningur Reykjavíkurborgar við Útlendingastofnun um þjónustu við hælisleitendur tók gildi 15. september 2015 og rennur út 31. desember 2016. Óskað er eftir upplýsingum um a) fjölda leigusamninga á þessu tímabili og þar af hversu margir á árinu 2016, b) Um hvað marga fermetra er að ræða í heildina, c) hvert er meðaltals leiguverð per fm, d) hverjir eru leigusalar (upplistaðir), e) hvernig skiptast eignirnar eftir pósthúmerum.“

Samningur Reykjavíkurborgar við Útlendingarstofnun tók gildi 1. september 2015 og rann út 31. desember 2016. Fyrir liggur tillaga að nýjum samningi sem mun gilda til 31. desember 2018.

Í byrjun voru íbúðir fyrir hælisleitendur teknar á leigu á vegum Velferðasviðs en frá ágúst 2016 hefur skrifstofa eigna og atvinnuþróunar séð um það verkefni.

Frá september 2015 hafa verið teknar á leigu 38 íbúðir og eitt einbýlishús fyrir hælisleitendur. Af þessum 38 íbúðum er leigu lokið á 21 íbúð og til viðbótar er leigusamningum að ljúka á 7 til viðbótar. Á árinu 2016 voru teknar á leigu 9 íbúðir.

Samningar eru í gildi fyrir 17 íbúðir og eitt einbýlishús. Heildarfermetrar í leigu núna eru 2088. Meðalleiguverð á fermetra í þessum eignum er krónur 2.366.- á mánuði. Meðal leiguverð á fermetra á mánuði á þeim eignum sem voru teknar á leigu á árinu 2016 er krónur 2.047.- .

Leigusalar eru Eclipse fjárfestingar slhf., Centrum fjárfestingar slhf., Karl Mikli ehf., Ástríður Pálsdóttir, Bk- eignir ehf, Byggingafélagið Jörfi ehf, Heimavellir VI ehf. og Vallareignir ehf..

Ein eign er í pósthúmeri 101, ein í 103, tvær í 104, tvær í 105, ein í 108, tvær í 109, ein í 110, sjö í 111 og ein í pósthúmeri 116.

Áætlað er að taka á leigu á næstu mánuðum um 10-15 íbúðir í stað þeirra sem verður skilað og vegna aukningar á skjólstæðingum Velferðasviðs.

Hrólfur Jónsson

